

Mál nr. 151/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. ágúst 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 31. desember 2021 varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, sem skráð var hinn 5. janúar 2022, voru atvik þau að M var að gangi niður stiga hjá flokkara. Hann sneri sér við og rann á ís sem var á gólfinu og missteig sig og datt niður á gólfið. Hann lenti á höndinni og reyndist úlnliðsbrotinn. Sambærilega lýsingu atvika er að finna í tjónstilkynningu til V dags. 9. febrúar 2022.

Í málkoti er atvikum nánar lýst svo að M hafi verið uppi á palli að flokka og vigta fisk. Þegar fiskur féll á gólfið hafi M farið niður af pallinum, niður stiga og á gólfið þar sem hann hafi skyndilega runnið til vegna hálfu á gólfinu. V hafi, með bréfi dags. 3. maí 2024, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að blaut gólf séu eðlilegur fylgifiskur þeirrar starfsemi sem fari fram hjá X og X hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til að draga úr slysaheytu vegna þess.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna slyssins enda hafi gólfið verið hált af slor- eða slepjubleytu svo gangandi fólki stafaði hættu af. Þá hafi hvorki legið fyrir fullnægjandi áhættumat né áætlun um forvarnir vegna umrædds verks. Hafi X því vanrækt að tryggja öruggt starfsumhverfi til samræmis við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laganna svo og reglugerða settra með stoð í þeim því til stuðnings. Byggt er á því að gólfið og gólfefnið hafi ekki hentað því verkefni sem M sinnti enda hafi það verið hált, en ekki stöðugt eins og lög geri ráð fyrir. Þá hafi X ekki gert nægjanlegar ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfinu, en það hefði mátt gera með reglubundinni hreinsun eða því að afhenda starfsfólki hálfuvarin stígvél til afnota, en M hafi verið látinn nota venjuleg gúmmistígvél. X hafi verið kunnugt um að ís, slor og slepja söfnuðust fyrir á gólfinu en einu aðgerðirnar til að sporna gegn slysum af þeim sökum hafi verið þær að láta vatn úr slöngu renna um gólfið. Það hafi ekki verið nægilegt. Þrátt fyrir að vera kunnugt um þá slysaheytu sem af ástandi gólfsins stafaði hafi X þá ekki framkvæmt áhættumat en leiða megi líkur að því að hefði það verið gert hefði það leitt í ljós áhættuþætti og kallað fram viðbrögð við þeim. Hafi ástand gólfsins leitt til þess að X var skylt að grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr slysaheytu og er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 61/2006 því til stuðnings. Er jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 20/2003 en þar hafi atvik verið sambærileg. Í þeim dómi komi fram að nauðsynlegt hafi verið að sjá til þess að gólf væri spúlað í hvert sinn sem slepja eða slor lak á það. Hafi það verið metið vinnuveitanda til gáleysis að hafa ekki tryggt að svo væri. Í málskoti er jafnframt byggt á því að X hafi ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slys M til samræmis við áskilnað 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði X því að bera hallann af sönnunarskorti um atvik þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi starfað hjá X í rúm tvö ár áður en slys hans atvikaðist. Hafi hann því mátt vera meðvitaður um nauðsyn þess að gæta varúðar gagnvart bleytu og hálfublettum á svæðinu, en telja verði að slíkt sé óhjákvæmilegur fylgifiskur þeirrar starfsemi sem fram fór á vinnustaðnum. Er því þá jafnframt mótmælt að M hafi ekki verið útvegaður nauðsynlegur hlífðarbúnaður en fyrir liggir að hann hafi verið klæddur hálfuvörðum stígvélum með stáltá. Sé samkvæmt framangreindu ekki fallist á að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X.

Álit.

Tildrög slyss M virðast óumdeild og ber lýsingum aðila saman um hvernig það atvikaðist. Engin lækisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni, og liggur því t.a.m. ekki fyrir hvernær M leitaði fyrst lækisadoðar, en í málskoti virðist byggt á því að M hafi verið óvinnufær allt frá slysdegi. Í slíkum tilvikum ber, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys án ástæðulausrar tafar. Sú tilkynning var hins vegar ekki send fyrir en fimm dögum eftir slysið.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar.

Þrátt fyrir að byggt sé á lýsingum M á tildrögum slyssins, en í þessu tilviki virðast þau óumdeild, hvílir eftir sem áður á honum að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Starfsemi sú sem X hefur með höndum er þess eðlis að hætt er við að slor, ís og sleppja lendi á gólfum vinnustaðarins. Við slíkar aðstæður verður að telja að vinnuveitanda beri að tryggja öryggi starfsfólks svo sem unnt er. Engin gögn, vitnaframburðir eða annað, hafa verið lögð fram er sýni fram á að ráðstafanir við háلكuvarnir hafi verið óforsvaranlegar eða að gólfefnið hafi ekki verið við hæfi þeirrar starfsemi sem átti sér stað, svo sem virðist byggt á í málskoti. Fyrir nefndinni, en engin gögn önnur en lýsing í málskoti liggja fyrir um aðstæður eða aðbúnað á vettvangi, er því ekki sýnt fram á að X hafi vanrækt framangreinda skyldu sína. Er jafnframt byggt á því í málskoti að M hafi ekki haft öryggisbúnað, þ.e. háلكuvarin stígvél, til afnota. Í bréfi V er staðhæft að á slysdegi hafi M haft sérstök háلكuvarin stígvél með stáltá til afnota. Hefur þeirri staðhæfingu ekki verið hnekkkt. Verður því að telja ósannað að X hafi ekki látið M í té viðeigandi persónuhlífar.

Af framansögðu er því ekki sýnt fram á það fyrir nefndinni að slys M verði rakið til atriða sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. Af því verður M að bera hallann og er þar af leiðandi, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir